

UM HELGINA

Sigurður Þórir í 15. skipti

Á morgun, laugardag, kl. 14 opnar Sigurður Þórir Sigurðsson málverkasýningu sem hann nefnir Úr mannheimum í Listmunahúsinu, Lækjargötu 2. Þar sýnir hann 35 olíumálverk sem hann hefur málað í ár og í fyrra.


Sigurður Þórir stundaði nám við MHI á árunum 1968-70. Síðan varð hlé á námi en árið 1974 innritaðist hann í Akademiuna í Kaupmannahöfn og var þar við

nám hjá prófessor Dan Steerup-Hansen í fjögur ár.

Sigurður Þórir hefur haldið 14 einkasýningar áður, í Kaupmannahöfn, Færeyjum, Reykjavík og víða um land. Einnig hefur hann átt myndir á fjölda samsýninga.

Sýning Sigurðar Þóris verður opin virka daga nema mánudaga frá kl. 10-18 og um helgar kl. 14-18 fram til 8. apríl sem er annar í páskum.

— PH



Sigurður Þórir við eitt verka sinna í Listmunahúsinu. (Mynd: — eik).

Norræna húsið

Finnskt skart og dönsk grafík

Í Norræna húsinu verða opnaðar tvær listsýningar um helgina og eru þær eins og vera ber norrænar.

Í dag, föstudag, kl. 17 verður opnuð finnsk sýning í anddyri hússins og ber hún nafnið Kalevalahefð í klæðum og skarti. Er þar rakin saga finnskra kvenbúninga og skarts sem fundist hefur í

fornum grófum og áhrif þess á gerð skartgripa í Finnlandi fram til vorra daga. Þessi sýning er liður í hátíðarhaldi í tilefni af því að 150 ár eru liðin frá útkomu Kalevalakvæðanna.

Hin sýningin verður opnuð í kjallaranum kl. 17 á morgun, laugardag. Þar er á ferð dönsk grafíksýning sem kemur hingað frá Árósum. Á sýningunni eru

verk eftir 49 danska grafíklistamenn og er þetta úrval úr farandsýningu sem er á ferð um Norðurlönd. Sýningin er haldin á vegum danska Grafíkfélagsins og Árhús Kunstforening af 1847.

Finnska sýningin verður opin á opnunartíma hússins fram til 12. apríl en sú danska fram til 8. apríl.

— PH

Kjarvalsstaðir

Finnskur listiðnaður


að lyfta honum á það stig sem hann er.

Dora Jung fæddist í Helsinki árið 1906 og nam við Lista- og handíðaskólann þar í borg. Hún starfrækti alla sína tíð vefstofu auk þess sem hún vann sem hönnuður fyrir helstu fyrirtæki Finna í textíliðnaði áratugum saman. Hún var einn þeirra listamanna á Norðurlöndum sem opnuðu augu manna fyrir því að listiðnaður gæti verið háþrúð list.

Dora Jung tók þátt í fjölda sýninga á ferli sínum og var sámd ýmsum helstu heiðurstáknum sem listamanni geta fallið í skaut. Verk hennar prýða kirkjur og opinberar stofnanir í Finnlandi og víða annars staðar.

Sendiherra Finna á Íslandi, Martin Isaksson, opnar sýninguna kl. 14 á morgun að viðstöddum forseta Íslands og fleiri stórmönnum. Sýningin verður opin daglega frá kl. 14-22 fram yfir páska.

— PH



Frá sýningu Textílfélagsins í vestursal Kjarvalsstaða. (Mynd: eik).

Afmælissýning Textílfélagsins

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning sem haldin er í tilefni 10 ára afmælis Textílfélagsins. Þetta er fjórða en jafnframt stærsta samsýning félagsmanna hér í Reykjavík en auk þess hafa verið haldnar sýningar úti á landi.

Félagar í Textílfélaginu eru nú um 40 talsins og vinna þeir að hinum ýmsu greinum textíl- og vefjariðnaðar, svo sem vefnaði, tauprykki, fatahönnun, mynsturhönnun, prjóni, bótasaum og textílskúptúr. Margir þeirra vinna jafnhliða eigin listskópun að hönnun muna sem síðan eru fjöldaframleiddir og er það eitt af markmiðum félagsins að efla skilning almennings og fyrirtækja á gildi listiðnaðar og textíllistar.

Félagið hefur unnið með nor-

ræna Textíltríennalnum sem heldur sýningar víðs vegar á Norðurlöndum. Ein slík er nú í undirbúningi en hún verður opnuð í Noregi áður en hún kemur til Íslands í ágúst. Alls bástust 590 verk til þeirrar sýningar frá öllum Norðurlöndunum en 86 þeirra voru tekin til sýningar.

Sýningin á Kjarvalsstöðum verður opin alla daga kl. 14-22 fram á annan í páskum.

— PH

Systkini sýna í Firðinum

Það er ekki á hverjum degi sem systkini efna til samsýningar en á morgun opna þau Jóna Guðvarðardóttir og Einar Már Guðvarðarson sýningu á verkum sínum í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar að Strandgötu 34. Sýningin ber heitið Máninn í vatninu.

Jóna sýnir leirlist en hún nam þá list í Myndlista- og handíðaskólanum á árunum 1971-76. Hún hefur tekið þátt í samsýning-

um hér á landi og í Finnlandi og Danmörku.

Einar Már er kennari að mennt en nam kvikmyndagerð ásamt fleiri í New York og Asíu á árunum 1982-84. Hann sýnir ljósmyndir en áður hefur hann haldið sýningar í Hunza í Norður-Pakistan og listamiðstöðinni Daruma sem hann rekur í Kaupmannahöfn.

Sýning þeirra Jónu og Einars Márs verður opin daglega kl. 14-19 fram til 7. apríl.

— PH

Frumskýningu frestað!

Af óviðráðanlegum ástæðum verður að fresta frumsýningu á sýningu Íslenska dansflokksins í Sögunni um Dafnis og Klói sem vera átti í kvöld. Ástæðan er sú að einn dansaranna, Ásdís Magnúsdóttir, fékk heiftarlega flensu. Vonir standa til að hún verði orðin frísk á þriðjudaginn kemur.

— PH

Ráðstefna um umhverfismótun

Landssamtökin Líf og land efna til ráðstefnu í húsakynnum Arkitektafélags Íslands í Ásmundarsal við Freyjugötu á morgun, laugardag. Þar verður fjallað um efnid Mótun umhverfis á Íslandi frá ýmsum sjónarhornum.

Í frétt frá Lífi og landi segir ma. að Íslendingar búi nú að mjög miklu leyti við umhverfi sem þeir hafi sjálfir skipulagt og mótað. „Með þessari ráðstefnu vill Líf og land leggja sérstaka áherslu á

mikilvægi þessarar umhverfismótunar fyrir almenna vellíðan, þroska og lífsfyllingu allra.“

Gestur Ólafsson formaður samtakanna setur ráðstefnuna kl. 10 en ráðstefnan stendur til kl. 17 með þriggja kortera matarhléi. Á ráðstefnunni verða flutt alls 17 stutt erindi og eru flytjendur úr ýmsum áttum: prestar, arkitektar, embættismenn, listamenn, sálfræðingar, kennarar osfrv.

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.

— PH